

Nd.

399. Frumvarp til laga

[203. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Jóhannes Árnason, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 11. gr. laganna bætist:

Ef eðlilegum nytjum af æðarvarpi er ógnað af ágangi arnar, er ráðuneytinu skylt, sé þess óskað af hlutaðeigandi varpbónda, að senda svo fljótt sem unnt er sérfræðing á staðinn, er fylgist með og geri tillögur um, hvernig megi koma í veg fyrir eða bæta tjón af völdum arnarins. Ráðuneytinu er þá heimilt að grípa til tafarlausra aðgerða til varnar viðkomandi æðarvarpi, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 27. gr., án þess þó að erni verði eytt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt með sérstöku tilliti til varplanda í Breiðafjarðareyjum, sem undanfarin ár hafa átt í vök að verjast gegn óvenjulega miklum ágangi arnar, sem ógnað hefur eðlilegum nytjum af æðarvarpi í eyjunum. Þrjár af Breiðafjarðareyjum eru nú í byggð: Flatey, Svefneyjar og Skáleyjar. Föst búseta hefur til skamms tíma verið í Hvallátrum, en fyrri ábúendur eru þar nú aðeins yfir sumartímann til að nytja æðarvarp og önnur hlunnindi. Undanfarin tvö ár hefur það gerst, að örn hefur orpið í Skáleyjum eða úteyjum þeirra og farið með miklum ófriði þar og í nálægum eyjum, svo að æðarvarpið hefur verið í hers höndum. Í vetur hefur verið óvenjulega mikið um örn í byggðum eyjum Breiðafjarðar og bændur þar því mjög uggandi um æðarvarpið á vori komanda.

Þeir, sem þekkja til í varplöndum, vita, hvílik ógn æðarfuglinum stendur af erninum. Þótt hann fljúgi hátt yfir varplandinu, skynjar fuglinn návist hans og sópast af hreiðrum sínum í skelfingu og fári. Mörg æðurin á ekki afturkvæmt á hreiður sitt, hún „yfirgefur“ — eins og sagt er á máli eyjafólks. Aðkoman í varplandi, þar sem örninn venur komur sínar, er líka ófögur: upptætt hreiður og æðarfuglar jafnvel rifnir á hol eða hrelldir að beini. Um afleiðingarnar fyrir dúntekju í viðkomandi varplandi þarf ekki að spyrja. Hér eru ekki litil verðmæti í húfi, þar sem æðardúnninn er ein hin eftirsóttasta vara, er um getur á heimsmarkaðinum, og í óvenjulega háu verði nú.

Æðarvarp á Íslandi hefur því miður farið minnkandi á síðari árum og mun þar ekki síst um að kenna ágangi vargfugla: svartbaks, hrafns og arnar. Gegn tveimur hinum fyrrnefndu hafa verið hafðar uppi nokkrar varnir, sem þó hafa ekki getað stöðvað fjölgun þeirra, sérstaklega svartbaksins. Örninn er hins vegar alfríðaður og má það teljast eðlilegt, svo mjög sem gengið hefur á arnarstofninn á síðari árum, svo að fullrar varúðar er þörf. Einmitt vegna þess er eins vægt farið í sakirnar og hægt er í þessu frumvarpi. Framkvæmd þess, ef að lögum verður, mundi engu að síður vera ávinningur og aukið öryggi fyrir varpeigendur og um leið gagnlegt fyrir vísindamenn okkar að fá þannig tækifæri til að fylgjast með hátterni arnarins og því tjóni, sem hann veldur á æðarvarpi er hann herjar á.

Þess eru dæmi, að varpbændur hafa þurft að leita til dómstóla með skaðabótamál vegna tjóns á nytjum æðarvarps af völdum arnar. Ef fulltrúi frá ráðuneytinu væri á staðnum til að fylgjast með og meta aðstæður allar í samráði við varpeigendur ætti ekki að þurfa að koma til slíks. Auk þess væri tryggð betur en nú vernd arnarins og í senn æðarvarpsins gegn ágangi og tjóni af hans völdum.